

Náttúrustofa Austurlands



Ársskýrsla 2014



Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Jón Ágúst Jónsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Arnór Þórir Sigfússon, Áslaug Lárusdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Indriði Skarphéðinsson, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmynd á forsiðu: Á Vesturöræfum (SGÞ).

Ljósmynd innan á kápu: Bláinn öðru nafni dýragras (SGÞ).

Prentun: Hjá Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja

Júlí 2015



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

EFNISYFIRLIT

4	Formáli
5	Um stofuna
6	Mannauður
7	Stiklur úr starfsemi
15	Fjármál
16	Útgáfa og kynning



“Sól tér sortna” gosmengun frá Holuhrauni. Mynd: SGP

FORMÁLI

Skýrslu þessari er ætlað að halda til haga og miðla upplýsingum um starfsemi Náttúrustofu Austurlands árið 2014.

Líkt og undanfarin ár skipuðu rannsóknir í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stóran sess í starfseminni. Af einstökum viðfangsefnum voru rannsóknir á hreindýrum, fuglum og gróðurfari fyrirferðarmestar. Meðal annarra viðfangsefna má nefna rannsóknir á smádýrum og loftgæðum, eftirlit með friðlýstum svæðum og almenna fræðslu.

Starfsemi Náttúrustofunnar var kynnt á árlegum Tæknidegi fjölskyldunnar í Neskaupstað. Starfsmenn fluttu einnig fjölmörg erindi á árinu og sóttu ráðstefnur um ýmis sértæk málefni á verksviði Náttúrustofunnar. Má sem dæmi nefna alþjóðlegar ráðstefnur um fjarkönnun, rúmtölfræði og sjóendur.

Fastráðnir starfsmenn voru átta talsins í tæplega sjö stöðugildum. Auk þess aðstoðuðu fjölmargir einstaklingar Náttúrustofuna, ekki síst við vöktun hreindýra. Eru öllum færðar þakkir fyrir.

Á árinu lét Gerður Guðmundsdóttir af störfum eftir átta ára starf hjá Náttúrustofunni. Gerði er þakkað fyrir samstarfið og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Rekstur Náttúrustofunnar gekk ágætlega árið 2014. Heildarrekstrartekjur ársins námu 65,6 millj. kr. Rúmlega helmingur tekna voru sértekjur vegna útseldrar þjónustu. Afkoma af rekstri var jákvæð um 1,2 millj. kr.

Hér hefur verið farið lauslega yfir starfsemi Náttúrustofunnar á síðasta ári. Það er von mín að þeir er skýrsluna lesa verði einhvers vísari um starfsemi ársins.

Jón Ágúst Jónsson
forstöðumaður



Við heiðagæsarannsóknir í Þuríðar- og Glúmsstaðadal, Hrafnkelsdalur í baksýn. Mynd: IS

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan er þekkingar- og þjónustuaðili sem vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins er að skapa fjölbreytta rannsókn- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.



Óvenju mikill snjór var á hálendinu. Við Kárahnjúka 9. Júní 2014. Mynd: SGP

Stjórn

Í kjölfar sveitarstjórnakosninga 2014 urðu breytingar á hlutverkum stjórnarmanna. *Esther Kjartansdóttir* hélt áfram sem ritari. *Lineik Anna Sævarsdóttir* lét af störfum sem formaður og er nú meðstjórnandi. *Valdimar O. Hermannsson*, tók við formennsku.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu átta starfsmenn hjá Náttúrustofunni:




Áslaug Lárusdóttir, skrifstofustjóri, sinnti almennum skrifstofustörfum auk þess að hafa umsjón með heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu. Að auki kom hún að öðrum verkefnum.



Erlín Emma Jóhannsdóttir, B.S. líffræðingur, hafði umsjón með smádyrarannsóknnum og kom m.a. að vöktun umhverfispátta við álverið í Reyðarfirði. Hún fór í fæðingarorlof í september.



Gerður Guðmundsdóttir, M.S. plöntuvistfræðingur, hafði umsjón með gróður-rannsóknnum og vöktun fallryks. Gerður lét af störfum hjá stofunni á miðju ári.



Halldór Walter Stefánsson, sérfræðingur, hafði umsjón með vöktun og rannsóknum á fuglum. Tók einnig þátt í hreindýrarannsóknnum.



Jón Ágúst Jónsson, M.S. líffræðingur, annaðist daglegan rekstur auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum stofunnar.



Kristín Ágústsdóttir, M.S. landfræðingur, hafði umsjón með umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði og kortavinnslu. Samhliða því kom hún m.a. að rannsóknum á hreindýrum.



Rán Þórarinsdóttir, M.S. líffræðingur, verkstyrði kortlagningu á burðarsvæðum hreindýra og tók m.a. þátt í vöktun mófugla og hreindýra. Hún fór í fæðingarorlof í desember.



Skarphéðinn G. Þórisson, B.S. líffræðingur, hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróðurrannsóknnum.

Margir aðrir komu að starfsemi stofunnar. Elísabet R. Hannesdóttir starfaði við smádyrarannsóknir hluta úr árinu. Dagný Á. Rúnarsdóttir var sumarstarfsmaður. Páll Benediktsson kom að fiðrildarannsóknnum og Sveinn H. Oddson aðstoðaði við tölvumál. Margir aðstoða við vöktun hreindýra og eru þeir helstu taldir upp hér:

- *Eiríkur Skjaldarson*
- *Grétar Karlsson*
- *Halldór Bergsson*
- *Hákon Hansson*
- *Jóhann G. Gunnarsson*
- *Jóhann Óli Einarsson*
- *Jón I. Sigurbjörnsson*
- *Leifur Þorkelsson*
- *Reimar Ásgeirsson*
- *Sigurður Guðjónsson*
- *Skúli H. Benediktsson*
- *Skúli Sveinsson*
- *Sveinn Ingimarsson*
- *Sævar Guðjónsson*

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til hreindýraráðs og Umhverfisstofnunnar um skiptingu í ágangssvæði. Lagt var til að þau héldust óbreytt frá árinu 2013 nema hvað bæta þyrfti inn nýjum jörðum í Norðurþingi, Langesbyggð og Svalbarðshreppi á ágangssvæði 1 og aðlagða veiðisvæði 1 að því og var það gert. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu. Ágangsmatið byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring. Heimamenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan í þessum vöktunarlið.

Rannsókn á hagagöngu hreindýra með hjálp GPS senditækja

Þetta rannsóknaverkefni er meistaraverkefni líffræðings hjá Náttúrustofu Austurlands og er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Meginmarkmið þess er að auka skilning okkar á hagagöngu hreindýra, afmörkun einstakra hjarða og samskipti á milli þeirra. Megin áhersla er lögð á Snæfellsbjörð og samskipti hennar við Álftafjarðarbjörð. Hægt er að skoða ferðir dýranna á heimasíðu Náttúrustofunnar. Verkefnið er unnið með styrk frá Landsvirkjun. Lokaskýrsla verkefnisins kom út á árinu.

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta byggð á upplýsingum úr vöktun hreindýrastofnsins. Kvótanum er skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum og tillögur lagðar fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 6 tarfar á hverjar 10 kýr að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álagi á land. Að fengnum tillögum Umhverfisstofnunnar ákveður umhverfisráðherra kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1277 dýr árið 2014.



Kelfd kýr og þrír vetrungar flatmaga í brekkurótum Víkurfjalls í Lóni. Mynd: SGP

Vetrartalning

Náttúrustofa Austurlands fékk styrk úr Veiðikortasjóði 2013 til vetrartalningar á hreindýrum. Vegna tíðarfars var talningunni frestað um ár. Talið var á tímabilinu 22. til 30. mars 2014 af landi með hjálp heimamanna en auk þess taldi Náttúrustofan úr lofti. Talningin tókst einkar vel og fundust 4790 hreindýr sem var 40 færri en áætlaður vetrarstofn gerði ráð fyrir.



Rán kannar burð hreinkúna úr TF KLÓ, Halldór Bergsson flugmaður. Mvnd: SGP

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellshjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Markmiðið með kortlagningu burðarsvæða er að kanna hvort Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdir henni tengdar hafi áhrif á burðarsvæði eða framvindu burðar. Snæfellshjörð er samheiti fyrir þau hreindýr sem haldið hafa til á Snæfellsöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði og láglendinu umhverfis þessar heiðar. Dreifing þessara dýra hefur verið að breytast og eru þær breytingar kortlagðar.



Fengitímaflug á svæði 3, Skúli Sveinsson til aðstoðar. Mvnd: SGP

Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði

Á árunum 2006 til 2008 var lagður grunnur að vöktun gróðurs á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði fyrir Landsvirkjun. Markmið vöktunarinnar er að kanna hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Hálslóns. Árið 2014 voru merkingar allra 30 gróðurreita á Fljótsdalsheiði yfirfarnar.

Umhverfsvöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í umhverfsvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn og loftgæði. Verkefnið var unnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sá um efnagreiningar á gróður- og vatnssýnum sem og vöktun loftgæða. Ráðgjafi er Alan W. Davison, prófessor við Newcastle háskóla á Englandi. Árið 2014 var vöktunin með hefðbundnu sniði. Gróður- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Jafnframt var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu. Auk þess var fylgst með heilbrigði búfjár á svæðinu.



Úr burðarflugi. Mynd: RP

Vöktun smádýralífs í Hrafnkelsá

Að beiðni Landsvirkjunar gerði Náttúrustofa Austurlands könnun á smádýralífi í Hrafnkelsá sumarið 2013 með það að markmiði að rannsaka áhrif gruggs vegna leka í aðkomugöngum 3 sem staðsett eru ofarlega í Glúmsstaðadalsá. Skýrslu með niðurstöðum rannsóknarinnar var skilað árið 2014.

Úttekt á lífríki Jökulsár á Dal

Að beiðni Landsvirkjunar öfluðu Náttúrustofa Austurlands og Veiðimálastofnun sýna sem fyrirhugað er að nota til að skoða áhrif Fljótsdalsstöðvar á lífríki Jökulsár á Dal. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt, annars vegar að kanna hvaða breytingar kunna að hafa orðið á tegundasamsetningu og þéttleika smádýra eftir að áin var stífluð og hins vegar að kanna áhrif yfirfallsvatns á samfélög vatnalífvera (smádýra og þörungna). Sýnum var safnað á sjö stöðvum í júlí og október 2014, en þar af voru fimm stöðvar í Jökulsá á Dal, ein í Laxá og ein í Hnefildalsá.



Vatnsmótað set í Háslóni. Mynd: SGP

Vöktun fallryks við Háslón, á Brúaröræfum og Fljótsdalshéraði

Á vegum Landsvirkjunar hefur Náttúrustofan í samvinnu við Landsvirkjun og Matís ohf. tekið þátt í mælingum á fallryki þar sem markmiðið er að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls yfir Fljótsdalshérað. Mælt hefur verið á 18 stöðum undanfarin ár en sumarið 2013 var ákveðið að fækka mælistöðum niður í 5 þar sem til stendur að taka upp aðrar aðferðir til að fylgjast með jarðefnafoki frá Háslóni. Fallryksmælarnir safna fallryki yfir sumartímann og eru staðsettir við Háslón og í byggð á Fljótsdalshéraði. Athuganir hafa staðið yfir öll sumur frá árinu 2005. Háslón fylltist fyrst haustið 2007 og frá sumrinu 2008 hefur verið möguleiki á áfoki frá bökkum lónsins fyrri part sumars þegar vatnsstaða í Háslóni er lág. Lokaskýrsla með niðurstöðum mælinga árið 2013 kom út á árinu.



Fiðrildagildran í Neskaupstað 16. apríl 2014. Mynd: ÁL

Vöktun fiðrilda

Náttúrustofan hóf vöktun fiðrilda á Austurlandi árið 2010. Árið 2014 var vöktunin óbreytt frá fyrra ári og voru fiðrildi veidd frá apríl til nóvember í sérstakar ljósgildrur sem eru staðsettar í Neskaupstað, Hallormsstað og Jökuldal. Markmiðið er að nota fiðrildi sem vísihóp til vöktunar á umhverfi. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar náttúrustofur, Skógrækt ríkisins og Pál Benediktsson bónda á Hákonarstöðum í Jökuldal. Kennarar Nesskóla í Neskaupstað hafa nýtt sér nálægð gildrunnar við skólann og farið með starfsmönnum Náttúrustofunnar með skólahópa í að tæma gildruna og fræðast um fiðrildi í leiðinni.



Skrautygla, stjörnuygla og reyrygla, í Neskaupstað. Mynd: ÁL

Kortlagning fossa

Sumarið 2013 kortlagði Guðrún Á. Jónsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands, lítt þekktar fossa og flúðir á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs með styrk frá Vinum Vatnajökuls. Náttúrustofa Austurlands sá um úrvinnslu korta og framsetningu á [vef](#) stofunnar.



Grágæsin „Díana“ fékk senditæki um hálsinn í merkingum á Úthéraði. Mynd: APS

Grágæsarannsóknir

Starfsmaður stofunnar tók þátt í merkingum á grágæsum á Úthéraði í samvinnu við WWT og Verkís. Tilgangurinn var að setja senditæki á eina gæs sem myndi sýna ferðir grágæsa til vetrarstöðvanna á Bretlandseyjum og væntanlega farflugið til baka vorið 2015 á varpstöðvarnar. Auk senditækjagæsarinnar sem fékk heitið „Diana“ voru fjórar aðrar grágæsir litmerktar. Sumarvinnuhópur Landsvirkjunar við Fljótsdalsstöð aðstoðaði við merkingarnar.

Vetrarfuglatalning

Náttúrustofan hefur tekið þátt í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands um nokkurt skeið, svonefndum Jólatalningum. Yfirleitt er talið síðustu helgina í desember en stundum fyrstu helgi á nýju ári. Stofan kemur að talningum á tveimur svæðum á Héraði, þ.e. Egilsstöðum og Hrafnabjörgum. Talningarnar miða meðal annars að því að kanna hvaða fuglar eru hér á landi í svartasta skammdeginu.

Vöktun rjúpnastofnsins

Venju samkvæmt tók Náttúrustofan þátt í vöktun á rjúpum fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands í maí. Um var að ræða talningar á rjúpum á vegsniðum á Úthéraði og karratalningar á tveimur svæðum, Rangá í Hróarstungu og Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð á Héraði.



Rjúpukarri í Mjóafirði í sumarþúningi. Mynd:SGP

Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúka-virkjunar

Náttúrustofan vaktar valdar fuglategundir fyrir Landsvirkjun tengt Kárahnjúkavirkjun. Hávellur voru taldar sem fyrr á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði en auk þess voru vatnafuglar taldir á Jökulsá á Dal sem var nýr liður í rannsóknunum. Heiðagæsir voru myndaðar og taldar á hluta Snæfellsöræfa og hreiður voru talin á árlegum sniðum á Vesturöræfum. Einnig var gerð úttekt á heiðagæsavarpi á Efri-Jökuldal. Til samanburðar voru vörp utan áhrifasvæðis virkjunarinnar skoðuð sem áður hafa verið mæld, í Hnefilsdal, Hrafnkelsdal og afdölum hans.

Vöktun mófugla

Árið 2014 voru fuglar taldir á árlegum mófuglapunktum Náttúrustofunnar á Úthéraði. Talið var á Heiðarenda, Litla Bakka, Hallfreðarstöðum, Gagnstöð, Heyskálum og Rangá.

Aðstoð við doktorsnema

Náttúrustofan aðstoðaði færeyska doktorsnemann Sjurður Hammer við gagnaöflun á skúmavarpi sumarið 2014 á Úthéraði. Hreiðra var leitað og staðsetning þeirra hnitsett. Skúmar voru taldir og egg vegin og mæld. Við þessar rannsóknir kom á óvart hvað fáir skúmar reyndu varp þó þeir væru til staðar. Það náðist að mæla úr sjö hreiðrum.



Skúmshreiður með tveimur eggjum. Mynd: HWS

Samvinna við Breiðdalssetur

Breiðdalssetur stóð fyrir jarðfræðisýningum á árinu og unnið var að bók um jarðfræði Austurlands. Náttúrustofan lagði til myndir í þessi verkefni.



Straumandarblíkar á jökulsá. Mynd: SGP

Sannleiksnefnd um Lagarfljótsorminn

Tveir starfsmenn Náttúrustofunnar voru skipaðir í sannleiksnefnd á vegum Fljótsdalshéraðs. Nefndinni var ætlað að meta hvort sjálfur Lagarfljótsormurinn hafi sést á heimsfrægu myndbandi sem Hjörtur Kjerúlf, bóndi á Hrafnkelsstöðum, náði af torkennilegu fyrirbæri sem virtist synda upp Jökulsá í Fljótsdal í febrúar 2012. Nefndin efaðist ekki um að í fljótinu byggi kvikindi sem vísindunum hefði ekki tekist að útskýra. Meirihlutinn komst að þeirri niðurstöðu að myndbandið sýni Lagarfljótsorminn. Hlaut Hjörtur að launum 500.000 kr sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hafði lofað hverjum þeim sem næði mynd af orminum.




Helsingi paraður heiðagæs í varpi 2014. Mynd: HWS

Stafrænn ferðafélagi í Vatnajökulspjógarði

Styrkur fékkst frá Vinum Vatnajökuls í verkefnið "Stafrænn ferðafélagi á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs - Hlustaðu, sjáðu, upplifðu". Markmið þess var að útbúa fræðsluefni um náttúrufar og sögu Vatnajökulspjóðgarðs og miðla til áhugasamra. Fræðslumyndskleið um náttúru og sögu svæðisins, ásamt skýringarkortum og myndum voru unnin og gerð aðgengileg á [vef Náttúrustofu](#). Ýmist er hægt að skoða vefsíðuna á meðan á heimsókn um þjóðgarðinn stendur eða hlaða niður hnita- og hljóðskrá af vefsíðunni og hafa þær með í för um þjóðgarðinn.

Friðlýst svæði

Náttúrustofan hefur um árabil annast eftirlit og gerð tillagna um úrbætur í fólkvangi Neskaupstaðar og fólkvangi og friðlandi í Hólmanesi fyrir Fjarðabyggð. Á árinu var unnið að gerð nýs upplýsingaskiltis um sögu, náttúru og lífríki Hólmaness sem til stendur að setja upp við áningarstaðinn á Hólmahálsi.



Horblaðka, reiðingsgras, álfetakólfur. Mynd: SGP



Lensutungljurt á Seyðisfirði. Mynd: SGP

Fræðsluerindi

Náttúrustofan fær reglulega beiðnir um að halda fræðsluerindi við ýmis tækifæri. Erindin geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig eru oft haldnir stakir fyrirlestrar. Slíkar kynningar geta verið fyrir leikskóla, skóla eða hópa áhugasamra aðila sem biðja um efni. Á árinu voru flutt nokkur slík erindi. Líkt og undanfarin ár komu namar úr 10. bekk Nesskóla til Náttúrustofunnar í starfs kynningu. Í október kom hópur líffræðinema úr Verkmenntaskóla Austurlands með smádýrasýni sem þeir höfðu safnað úr ám og vötnum. Nemendurnir nutu aðstoðar starfsfólks stofunnar við að greina sýnin.

Nefnd umhverfisráðherra um hreindýraeldi

Náttúrustofan átti fulltrúa í nefnd um hreindýraeldi sem kom nokkrum sinnum saman á árinu auk símafunda. Hún skyldi skila af sér skýrslu 15. desember 2014 en því var frestað fram á næsta ár.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrustofan sá um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð. Safnið er til húsa að Egilsbraut 2, ásamt Sjóminja- og myndlistasafni Tryggva Ólafssonar. Þar má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarins Unnar Sveinsdóttur. Safnið var opið daglega á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst kl. 13:00 - 17:00. Gestamóttaka var í höndum Félags eldri borgara í Neskaupstað.



Dagur hinna villtu blóma á Héraði, við Pálstjörn.
Mynd: SGP

Dagur hinna villtu blóma

Dagur hinna villtu blóma er samnorrænn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um plöntulíf á svæðinu. Hópur áhugafólks um plöntur sem kallar sig Flóruvini hefur umsjón með blómadeginum á Íslandi. Náttúrustofan hefur um árabil aðstoðað Flóruvini við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði stofunnar. Í ár bar blómadaginn upp á sunnudaginn 15. júní og var farið í skipulagðar gönguferðir á þrem stöðum á Austurlandi. Gerður Guðmundsdóttir leiddi hópinn í Neskaupstað og gekk með áhugafólki um Hjallaskóg og nágrenni. Skarphéðinn G. Þórisson fór með hóp frá Egilsstöðum og var gengið um nágrenni Pálstjarnar og upp á Ekkjufell, þar var meðal annars skoðað mýberjalyng og villjarðaber. Á Fáskrúðsfirði var Líneik Anna Sævarsdóttir leiðsögumaður, gengið

var um svæðið við Sævarenda og upp með Naustá, skoðaðar voru meðal annars sjöstjarna, mariúvöttur og melasól.

Samvinna við Minjasafn Austurlands

Stefnt er að hreindýrasýningu í sumarbyrjun 2015 sem Minjasafns Austurlands hefur veg og vanda að. Náttúrustofan leggur verkefninu lið.



Frá fugladeginum í Neskaupstað 2014. Mynd: GG

Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Hinn árlegi fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 3. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu sérfræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Þó fugladagurinn hafi verið nokkuð snemma þetta ár var greinilegt að farfuglar voru mættir í miklum mæli. Á Norðfirði mættu 17 manns og sáust 26 tegundir fugla, veðrið var kyrrt en fremur svalt. Á Reyðarfirði mættu 7 manns og sáust 27 tegundir fugla. Skýjað var og súld og fremur kalt.



Sólskríkjan mín syngur. Mynd: SGP

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Náttúrufræðinámskeið

Í samvinnu við Ferðapjónustuna á Mjóeyri hélt Náttúrustofan námskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára á Eskifirði. Markmið námskeiðsins er að kynna krökkunum fjölbreytt lífríki íslenskrar náttúru. Farið var í nokkrar vettvangsferðir. Plöntur og dýr voru skoðuð, velt fyrir sér búsvæðum þeirra og lífnaðarháttum.

Fyrirspurnir

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Í einstaka tilvikum er um að ræða staðfestingu á nýrri tegund sem er að festa rætur í fjórðungnum. Árlega berast stofunni einnig formleg erindi til umsagnar, einkum frá umhverfisnefndum sveitarfélaga og Alþingis.

Endurmenntun starfsmanna


Starfsmenn Náttúrustofunnar sóttu ýmsar ráðstefnur á árinu. Má sem dæmi nefna alþjóðlega ráðstefnu og námskeið um rúmtölfræði sem haldin var í Serbíu.



Áhugasamir krakkar á Náttúrufræðinámskeiði. Mynd: RÞ

Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands þann 8. nóvember 2014. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á tækni og vísindum. Fjöldmörg fyrirtæki og stofnanir tóku þátt. Náttúrustofan kynnti rannsóknir á hreindýrum með GPS senditækjum. Dagurinn lukkaðist afar vel og mættu rúmlega 500 manns.




Æðarkóngur á Norðfirði. Mynd: SGÞ


Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2014 námu heildarrekstrartekjur 65,6 millj. kr. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var jákvæð um 1,2 millj. kr. og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé stofunnar. Í árslok 2014 námu eignir Náttúrustofunnar 37,5 millj. kr. og bókfært eigið fé var 27,1 millj. kr.

Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi sem er birtur í sérstakri skýrslu.



Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2014.



Yfirlit heildartekna Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2014.



Mjóafjarðarhjórdin á Eyvindardal á heimleið. Mynd: SGP

Ritlisti

Elísabet Ragna Hannesdóttir, Jón Ágúst Jónsson, Jón S. Ólafsson og Rán Þórarinsdóttir (2014). Stöðuskýrsla. Rannsóknir á smádýrum og þörungum í Jökulsá á Dal. Unnið fyrir Landsvirkjun. Náttúrustofa Austurlands, NA-140143 og Veiðimálastofnun, VMST/14056, 11. bls.

Elísabet Ragna Hannesdóttir og Erlín Emma Jóhannsdóttir (2014). Áhrif gruggs á vatnalífriki Hrafnkelsár. Niðurstöður vöktunar 2013. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2014-093. Náttúrustofa Austurlands, NA-140142, 16 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Dr. Helga Dögg Flosadóttir og Hermann Þórðarson (2014). Alcoa Fjarðaál, Umhverfissvöktun 2013. Unnið fyrir Alcoa Fjarðaál. Náttúrustofa Austurlands, NA-140137, 72 bls.

Gerður Guðmundsdóttir (2014). Gróðurfar á fyrirhugaðri leið Kröflulínu 3. Unnið fyrir Landsnet. Náttúrustofa Austurlands, NA-140131, 39 bls.

Gerður Guðmundsdóttir (2014). Fallryksmælingar við Háslón og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2013. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2014-042. Náttúrustofa Austurlands, NA-140138, 5 bls.

Gerður Guðmundsdóttir og Skarphéðinn G Þórisson (2014). Gróðurfar á fyrirhugaðri leið Hólasandslínu 3. Unnið fyrir Landsnet. Náttúrustofa Austurlands, NA-140134, 35 bls.



Bláklukka, ein af einkennisplöntum Austurlands. Mynd: SGP

Halldór Walter Stefánsson (2014). Andatalningar á Lagarfljóti og á Fljótsdalsheiði árið 2013. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2014-034. Náttúrustofa Austurlands, NA-140133, 14 bls.

Halldór Walter Stefánsson (2014). Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á grágæsir. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2014-096. Náttúrustofa Austurlands, NA-140139, 19 bls.

Halldór Walter Stefánsson (2014). Vöktun skúms á Úthéraði 2005-2013. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2014-037. Náttúrustofa Austurlands, NA-140136, 12 bls.

Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2014). Heiðagæsaathuganir á Snæfellsöræfum 2013. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2014-030. Náttúrustofa Austurlands, NA-140132, 12 bls.

Kristín Ágústsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Jóhann Guttormur Gunnarsson, Páll Pálsson og Rán Þórarinsdóttir (2014). Stafrænn ferðafélagi á austursvæði Vatnajökuls þjóðgarðs. Hlustaðu - sjáðu - upplifðu. Vinir Vatnajökuls styrktu verkefnið. Náttúrustofa Austurlands, NA-140141, 5 bls.

Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir (2014). Snæfellshjörð, Áhrif náttúru og manna á líf Snæfellshjarðar í ljósi vöktunar síðustu áratugi og staðsetninga hreinkúa með GPS-hálskruga 2009-2011. Náttúrustofa Austurlands, NA-140140, 119 bls.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2014). Vetrartalning hreindýra 22.-30. mars 2014. Náttúrustofa Austurlands, NA-140144, 19 bls.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2014). Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2013 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2014. Náttúrustofa Austurlands, NA-140135, 20 bls.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2014). Þéttleiki hreindýra í högum á Austurlandi. Veiðidagbók 2014, Umhverfisstofnun; bls. 36-38.



Egilsstaðanes. Mynd: SGP

Erindi

Kristín Ágústsdóttir (2014). Geimveiðar. Erindi flutt á tæknidegi fjölskyldunnar á vegum Verkmenntaskóla Austurlands og Austurbrúar 8. nóvember 2014 í Neskaupstað.

Kristín Ágústsdóttir (2014). Geimveiðar. Hvaða þættir í vistfræði sjávar geta skýrt veiðistaðsetningar makríls? Erindi haldið í vistfræðiáfanga fyrir nemendur í Verkmenntaskóla Austurlands í apríl 2014.

Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2014). Hreindýr með GPS hálskraga. Erindi kynnt á tæknidegi fjölskyldunnar á vegum Verkmenntaskóla Austurlands og Austurbrúar 8. nóvember 2014 í Neskaupstað.

Skarphéðinn G. Þórisson, Halldór W. Stefánsson, Jón Ágúst Jónsson, Kristín Ágústsdóttir og Rán Þórarinsdóttir (2014). Hreindýr á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Kynningarerindi fyrir starfsmenn Landsvirkjunar í Fljótsdalsstöð 10. nóvember 2014.

Skarphéðinn G. Þórisson (2014). Hreindýr. Egilsstaðaskóli 4.2.2014, 5. bekkur.

Skarphéðinn G. Þórisson (2014). Hreindýrastofninn. Kynning fyrir nefnd um hreindýraeldi í umhverfisráðuneytinu 20.3.2014.


Skarphéðinn G. Þórisson (2014). Hreindýrastofninn og hreindýrin á SA-landi. Fyrirlestur 18.5.2014, Nýheimum, Höfn í Hornafirði.

Skarphéðinn G. Þórisson (2014). Störf náttúrufræðinga Náttúrustofu Austurlands á Egilsstöðum, kynning fyrir Rótarý á Héraði, 7.10.2014.

Skarphéðinn G. Þórisson (2014). Hreindýr. Fyrirlestur í Grunnskóla Borgarfjarðar eystri. 7-16 ára. 19.11.2014.

Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir (2014). Áhrif náttúru og manna á líf Snæfellsfjarðar í ljósi vöktunar síðustu áratugi og staðsetninga hreinkúa með GPS-hálskraga 2009-2011. Kynning fyrir Landsvirkjun í Fljótsdalsstöð, 10.11.2014.

Þorkell L. Þórarinsson, Ingvar A. Sigurðsson, Jón Á. Jónsson, Róbert A. Stefánsson, Sunna B. Ragnarsdóttir og Þorleifur Eiríksson (2014). Fuglavöktun á Íslandi - þáttur náttúrustofa. Erindi flutt á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík, 7. apríl 2014.



Fagurt er í Fellum. Mynd: SGP



AÐALSKRIFSTOFA
Mýrargata 10
740 Neskaupstaður
Sími: 477 1774
Fax: 477 1923
Heimasíða: www.na.is
Netfang: na@na.is

ÚTIBÚ
Tjarnarbraut 39
700 Egilsstaðir
Sími: 471 2813 / 471 2774